

Austin o.fl. gegn Bretlandi - Yfirdeild

Dómur frá 15. mars 2012

Mál nr. 39692/09, 40713/09 og 41008/09

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Mótmælafundur. Lögregluaðgerðir. Skerðing á ferðafrelsi.

1. Málsatvik

Kærendur eru fjórir, Lois Austin, breskur ríkisborgari, fædd 1969, George Black, grískur og ástralskur ríkisborgari, fæddur 1949, Bronwyn Lowenthal, breskur og ástralskur ríkisborgari, fædd 1972, og Peter O'Shea, breskur ríkisborgari, fæddur 1963.

Þann 1. maí 2001 kom nokkur fjöldi manns saman á útifundi á tilteknum stað í miðborg Lundúna til mótmæla. Lögreglu var kunnugt um mótmælin en skipuleggjendur þeirra tilkynntu ekki lögreglu um fundinn fyrirfram né óskuðu eftir leyfi til að halda hann. Upp úr hádegi taldi lögregla að um 1.500 manns væru saman komnir á svæðinu og að fundarmönnum færi fjölgandi. Var þá ákveðið að girða fundarstaðinn af. Reynt var að dreifa mannfjöldanum en það reyndist ómögulegt þar sem fólk bæði innan og utan hins lokaða svæðis brást illa við, beitti ofbeldi, braut muni og kastaði í lögreglu. Um klukkan hálf tíu um kvöldið hafði lögreglu tekist að leysa mótmælafundinn upp.

Einn kæranda var þátttakandi í mótmælunum. Hún höfðaði mál gegn lögreglunni fyrir dómstólum og krafðist bóta fyrir ólögmda frelsissviptingu þegar lögregla lokaði fundarsvæðinu. Dómstólar féllust ekki á að hún hefði verið svipt frelsi sínu og að 5. gr. sáttmálans ætti því ekki við. Aðrir kæranda áttu einungis leið hjá þar sem mótmælin fóru fram en voru engu að síður fastir inni á hinu lokaða svæði með mótmælendum fram á kvöld.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið gegn réttindum þeirra samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sáttmálans þar sem þeir hefðu verið sviptir frelsi sínu án réttlætunar.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að réttindi þau sem sáttmállinn verndaði væru í stöðugri þróun og að túlka yrði sáttmálann í samræmi við þær aðstæður sem uppi væru hverju sinni. Í þessu samhengi vísaði dómstóllinn til þess að vegna tækniframfara væri nú unnt að safna saman miklum fjölda mótmælenda með skemmri fyrirvara en áður. Ekki mætti skýra 5. gr. sáttmálans þannig að óraunhæft væri fyrir lögreglu að uppfylla skyldur sínar sem lytu meðal annars að því að halda uppi allsherjarreglu og vernda almannahéttu. Þá yrði að líta til þess að almenningur yrði oft að þola tímabundnar takmarkanir á ferðafrelsi vegna margs konar aðstæðna, t.d. í almenningssamgöngum, á vegum úti og í og við íþróttaleikvanga. Slíkar takmarkanir gætu ekki talist frelsissvipting í skilningi 1. mgr. 5. gr. sáttmálans að því marki sem þær væru óumflýjanlegar vegna aðstæðna sem yfirvöld réðu ekki við, nauðsynlegar til að koma í veg fyrir alvarleg meiðsla eða tjón og að meðalhófs væri gætt.

Dómstóllinn tók fram að leggja yrði til grundvallar það mat breskra dómstóla í þessu máli að lögreglan hefði fyrirfram búist við að á milli 500 og 1.000 ofbeldisfullir mótmælendur kæmu saman í miðborginni þennan dag og að alvarleg líkamsmeiðsl gætu hlotist af mótmælunum. Þá lægi fyrir að mun fleiri mótmælendur hefðu verið komnir saman á mótmælafundinum fyrr en lögreglan hefði búist við og því hefði hún brugðist við með því að loka mótmælendum af. Innvið á hinu lokaða svæði hefði verið rými fyrir fólk til að ganga um. Aftur á móti hefðu aðstæður verið óþægilegar þar sem mótmælendur hefðu ekki haft skýli, mat, vatn eða aðgang að salernisaðstöðu.

Dómstóllinn taldi að eftir atvikum hefði það úrræði sem lögreglan greip til verið það síst íþyngjandi og jafnframt það áhrifaríkasta til að vernda almenning innan og utan lokaða svæðisins. Af þessum sökum hefði lokunin ekki falið í sér frelsissviptingu í samræmi við 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi sig ekki geta ákvarðað neinn tímapunkt þar sem innlokunin hefði hætt að teljast

vera skerðing á ferðafrelsi og orðið frelsissvipting í skilningi 5. gr. Benti dómstóllinn á að lögreglan hefði strax hafist handa við að leysa mannfjöldann upp en það hefði ekki tekist vegna lítils minnihluta mótmælenda innan og utan hins lokaða svæðis sem hefði verið mjög ósamvinnuþýður. Upp frá því hefði lögreglan reynt að sæta færir til að hleypa mótmælendum í burtu. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.